

og er þess að eins getið, að Sveinn tjáist nú bjargþrota og beiðist styrks af fátækra sjóði. **137**
 Tilkynning um styrkveitinguna er eigi send sýslumanninum í Árnessýslu fyr en í brjefi bæjarfógetans, dags. 23. marz 1886, eða allt að því ársfjórðungi eptir að styrkurinn var veittur. Hinn umræddi styrkur verður þannig eigi skoðaður sem löglega veittur fátækra styrkur, er hafi þá verkun, að sveitfestisdvöl Sveins Ólafssonar í Reykjavík hafi slitnað, og þar sem hann þannig hefir haft lögmæta dvöl þar frá því um vorið 1882, samfleytt 10 ár, án þess að hafa þegið löglega veittan fátækra styrk, er hjermeð úrskurðað að tómthúsmaður Sveinn Ólafsson sje sveitlægur í Reykjavík.

Reikningur

138

Prestsekkna sjóðsins fyrir árið 1898.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar í árslok 1897 (sjá Stjórnartíðindi 1898 B. bls. 231)		Kr. 21348,64
2. Árstíllög og gjafir 1898	Kr. 226,96	
3. Vextir, tilfallnir á árinu:		
a. Af innritunarskírteini til 11. desbr 1898	— 56,00	
b. Af innstæðu í aðaldeild söfnunarsjóðsins til ársloka 1897	— 503,92	
c. Af skuldabryfum einstakra manna til 11. júní 1898	— 253,12	
d. Af innstæðu í sparissjóði landsbankans til 31. desbr. 1898.	— 16,65	
		— 1056,65
		Kr. 22405,29

Gjöld:

1. Úthlutað til prestsekkna á synodus 1898	Kr. 700,00
2. Borgað fyrir auglýsingar á gjöfum fyrir árin 1896 og 1897	— 24,97
3. Eftirstöðvar í árslok 1898:	
a. innritunarskírteini	Kr. 1600,00
b. í aðaldeild söfnunarsjóðsins	— 12775,00
c. veðskuldabréf einstakra manna	— 6428,00
d. í sparissjóði landsbankans	— 511,19
e. ógreiddir vextir	— 72,00
f. í peningum hjá undirskrifuðum	— 294,13
	— 21680,32
	Kr. 22405,29

Reykjavík 17. júní 1899.

Hallgr. Sveinsson.